

Miðstöð menntunar og skólaþjónustu
02 722

Ársreikningur 2025

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum	6
Skýringar	7

Miðstöð menntunar og skólajónustu

kt. 660124-1280

Víkurhvarf 3, 203 Kópavogur

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Miðstöð menntunar og skólaþjónustu er ríkisaðili í A1-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli laga nr. 91/2023, stofnunin tók til starfa 1. apríl 2024.

Miðstöð menntunar og skólaþjónustu starfar í þágu barna og ungmenna á sviði fræðslu- og menntamála um land allt í samræmi við lög, stefnu stjórnvalda, bestu þekkingu og alþjóðleg viðmið.

Starfsemin fellur undir málefnasvið 22 og málaflokk 30 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2025 var ársveltan kr. 2.195,9 milljónir og afkoma kr. -127,9 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -9,3 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 469,4 milljónir.

Starfsemin á árinu 2025 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáráukalögum fyrir árið 2025. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit mitt að ársreikningur 2025 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál. Einnig staðfesti ég að eftirfarandi sé samkvæmt minni bestu vitund og þekkingu.

Innleitt hefur verið innra eftirlit varðandi vinnslu fjárhagsupplýsinga og meðferð fjármuna í þeim tilgangi að koma í veg fyrir og uppgötva svik og skekkjur og að ekki hafa komið upp atvik sem benda til þess að innra eftirlit sé ekki að virka sem skyldi.

Öll viðskipti á reikningsárinu sem tilheyra starfsemi ársins hafa verið færð í bókhald. Þau eru í samræmi við viðtekna viðskiptavenju og ekki hefur verið um neina óeðlilega verðlagningu að ræða.

Að útgjöld og aðrar fjármálalegar ráðstafanir hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga eða annarra laga sem gilda um reksturinn. Aðgreining kostnaðar milli málefnasviða/málaflokka er rétt.

Veittar hafa verið fullnægjandi upplýsingar um tengda aðila og viðskipti við þá í samræmi við lög um ársreikninga/settar reikningsskilareglur.

Allar eignir koma fram í efnahagsreikningi og fullnægjandi eignarheimildir eru fyrir öllum eignum sem fram koma í efnahagsreikningi og eignaskrá. Upplýsingar hafa verið veittar um allar kvaðir eða veðsetningar hvíla á eignum.

Áætlun um notkunartíma varanlegra rekstrarfjármuna hefur verið yfirfarin og er í samræmi við áform um notkun og við teljum lokavirði, eins og það kemur fram í eignaskrá, raunhæft.

Þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar við reikningshaldslegt mat á viðskiptakröfum, birgðum og öðrum eignaliðum eru viðeigandi og að kröfur muni innheimtast í samræmi við matið.

Upplýsingar hafa verið veittar um allar skuldir í árslok, bæði áföllnum og skilyrtum, þar á meðal ábyrgðum sem við höfum veitt vegna þriðja aðila, skuldbindandi samningum, skaðabótakröfum, málaferli, skattaskuldir og aðrar skuldir sem geta haft veruleg áhrif á mat á fjárhagsstöðuna. Þær koma fram í ríkisreikningi og séryfirlitum með ríkisreikningi eftir því sem við á.

Veittar hafa verið upplýsingar um atburði eftir reikningsskiladag sem áhrif geta haft á mat á fjárhagsstöðuna í lok árs.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu fyrir árið 2025 með rafrænni undirritun sinni.

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2025

	Skýr	2025	2024
Tekjur			
Aðrar ríkistekjur	2	28.800.000	0
Tekjufærsla fjárveitinga	3	1.784.500.000	610.500.000
Sala á vöru og þjónustu	4	30.651.400	41.796.700
Framlög, gjafir og aðrar tekjur	5	343.875.548	587.450.699
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	3	<u>8.111.710</u>	<u>5.199.940</u>
Tekjur samtals		2.195.938.658	1.244.947.339
Gjöld			
Tilfærslur	6	0	1.056.000
Laun og launatengd gjöld	7	932.601.350	504.808.931
Annar rekstrarkostnaður	8	1.382.656.947	614.983.814
Afskriftir og niðurfærslur	9	<u>8.111.710</u>	<u>5.199.940</u>
Gjöld samtals		2.323.370.007	1.126.048.685
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(127.431.349)	118.898.654
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Fjármagnsgjöld		<u>(452.942)</u>	<u>(360.602)</u>
	10	<u>(452.942)</u>	<u>(360.602)</u>
Afkoma ársins		<u>(127.884.291)</u>	<u>118.538.052</u>
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	3	(310.584.291)	107.794.052
Rekstrartilfærslur		<u>182.700.000</u>	<u>10.744.000</u>
		<u>(127.884.291)</u>	<u>118.538.052</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	Skýr	31.12.2025	31.12.2024
Eignir			
Skammtímakröfur	11	425.949	0
Tengdir aðilar	12	274.300.000	357.064.125
Varanlegir rekstrarfjármunir	13	33.567.141	33.629.062
Óefnislegar eignir	14	161.144.371	161.144.371
Eignir samtals		<u>469.437.461</u>	<u>551.837.558</u>
Skuldir			
Aðrar skuldir	15	245.236.870	263.461.045
Tengdir aðilar	12	68.436.723	1.653.430
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda		165.110.107	168.185.031
Skuldir samtals		<u>478.783.700</u>	<u>433.299.506</u>
Eignir samtals að frádregnum skuldum samtals		(9.346.239)	118.538.052
Eigið fé			
Hrein eign		(9.346.239)	118.538.052
Eigið fé samtals	16	<u>(9.346.239)</u>	<u>118.538.052</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>469.437.461</u>	<u>551.837.558</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Rekstrar- tilfærslur	Fjárveiting til fjárfestinga	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2025	814.300.000	14.700.000	5.000.000	834.000.000
Fjáraukalög	781.000.000	168.000.000	0	949.000.000
Fjárveiting skv. fjárlögum og fjáraukalögum	1.595.300.000	182.700.000	5.000.000	1.783.000.000
Launabætur	6.500.000	0	0	6.500.000
Fjárveiting ársins	1.601.800.000	182.700.000	5.000.000	1.789.500.000
Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2024, (umframráðstafað)	107.794.052	10.744.000	(26.588.402)	91.949.650
Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu	1.709.594.052	193.444.000	(21.588.402)	1.881.449.650
Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum	(1.912.384.291)	0	(8.013.003)	(1.920.397.294)
Staða fjárveitinga í lok árs 2025	(202.790.239)	193.444.000	(29.601.405)	(38.947.644)

Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2025	31.12.2024
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	194.711.512	194.773.433
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað)	(29.601.405)	(26.588.402)
	165.110.107	168.185.031

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlaun reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlaun tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.

Vaxtagjöld færast til gjalda þegar þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna kaup á varanlegum rekstrarfjármunum eru eignfærð á þeim tíma sem tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í yfirlit um afkomu.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

Aðrar skuldir

Aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2025	2024
2 Aðrar ríkistekjur		
Neyslu- og leyfisgjöld	28.800.000	0
	<u>28.800.000</u>	<u>0</u>
3 Tekjufærsla fjárveitinga		
Tekjufærsla fjárveitinga	1.784.500.000	610.500.000
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	8.111.710	5.199.940
	<u>1.792.611.710</u>	<u>615.699.940</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	814.300.000	14.700.000	0	829.000.000
Fjáraukalög	781.000.000	168.000.000	0	949.000.000
Launabætur	6.500.000	0	0	6.500.000
Fjárveiting til tekna	1.601.800.000	182.700.000	0	1.784.500.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum .	(1.912.384.291)	0	0	(1.912.384.291)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(310.584.291)	182.700.000	0	(127.884.291)

	2025	2024
4 Sala á vöru og þjónustu		
Ýmsar þjónustutekjur	24.960.000	38.928.000
Veitinga- og gistiþjónusta	5.691.400	2.868.700
	<u>30.651.400</u>	<u>41.796.700</u>

5 Framlög, gjafir og aðrar tekjur

Framlög frá öðrum ríkisaðila í A1 hluta	7.530.569	565.145.575
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	323.653.385	14.120.000
Leigutekjur	12.691.594	8.185.124
	<u>343.875.548</u>	<u>587.450.699</u>

6 Tilfærslur

Rekstrartilfærslur	0	1.056.000
	<u>0</u>	<u>1.056.000</u>

7 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	750.802.912	404.198.408
Breyting á áföllnu orlofi	25.927.474	13.741.621
Launatengd gjöld	171.194.268	95.711.587
Samtals launakostnaður	947.924.654	513.651.616
Starfsmannakostnaður	6.988.386	4.084.981
Eignfærður launakostnaður	0	(12.927.666)
Hlutdeild annarra í launakostnaði	(22.311.690)	0
	<u>932.601.350</u>	<u>504.808.931</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	58,2	32,2

Skýringar

8 Annar rekstrarkostnaður	2025	2024
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	1.227.206	983.834
Byggingarvörur, almennar	3.995	142.229
Byggingarvörur, aðrar	16.377	0
Tæki og búnaður til innréttinga	0	74.502
Ýmis tæki og áhöld	3.055.787	3.720.899
Varahlutir og viðhaldsvörur	23.946	51.958
Orkugjafar	3.820.592	2.545.936
Matvæli	23.767.657	12.537.921
Almennar rekstrarvörur	1.835.786	2.266.760
Vörukaup, almenn	33.751.346	22.324.039
Kennslu- og föndurvörur	5.247.198	0
Ýmsar sérgreindar vörur	273.309	61.369
Vörukaup, sérgreind	5.520.507	61.369
Fundir, námskeið, risna	5.150.193	2.667.755
Ferðir, uppihald	9.931.295	5.866.657
Akstur	5.834.835	3.203.598
Sérfræðiþjónusta	922.953.139	268.337.172
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	150.216	102.845
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	36.378.284	8.461.151
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	154.054.744	138.757.897
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	1.134.452.706	427.397.075
Samningsbundin kaup og leiga	335.245	962.175
Afnotagjöld	77.246.941	71.978.436
Leigugjöld	113.597.859	79.411.580
Notkun véla og flutningatækja	1.022.472	107.940
Verkkaup	10.582.802	15.414.381
Kostnaðarhlutdeild	8.629.091	3.602.811
Tryggingar, lögboðnar	43.217	46.093
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	211.457.627	171.523.416
Hlutdeild annarra í kostnaði	(2.525.239)	(6.322.085)
Annar rekstrarkostnaður samtals	1.382.656.947	614.983.814
9 Afskriftir og niðurfærslur		
Áhöld, tæki og búnaður	8.111.710	5.199.940
	8.111.710	5.199.940
10 Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		
Dráttarvextir	(452.942)	(360.602)
	(452.942)	(360.602)

Skýringar

	31.12.2025	31.12.2024
11 Skammtímakröfur		
Viðskiptakröfur	200.000	0
Skammtímakröfur	225.949	0
	<u>425.949</u>	<u>0</u>

12 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	(59.614.914)	356.934.364
Kröfur á tengda aðila	274.300.000	129.761
Skuldir við tengda aðila	(8.821.809)	(1.653.430)
	<u>205.863.277</u>	<u>355.410.695</u>

13 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður	33.567.141	33.629.062
	<u>33.567.141</u>	<u>33.629.062</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2025:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Fasteignir	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2025	58.099.935	0	0	0	58.099.935
Viðbætur á árinu	8.213.003	0	0	0	8.213.003
Selt/úrelt á árinu	(178.051)	0	0	0	(178.051)
	<u>66.134.887</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>66.134.887</u>
Afskriftir 01.01.2025	24.470.873	0	0	0	24.470.873
Afskrift ársins	8.111.710	0	0	0	8.111.710
Selt/úrelt á árinu	(14.837)	0	0	0	(14.837)
	<u>32.567.746</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>32.567.746</u>
Staða 31.12.2025	<u>33.567.141</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>33.567.141</u>

	31.12.2025	31.12.2024
14 Óefnislegar eignir		
Verk í vinnslu, óefnislegar eignir.....	161.144.371	161.144.371
	<u>161.144.371</u>	<u>161.144.371</u>

Skýringar

	31.12.2025	31.12.2024
15 Aðrar skuldir		
Áfallið og ógreitt orlof	81.177.740	55.250.266
Viðskiptaskuldir	159.008.944	185.600.099
Ýmsar skuldir	5.050.186	22.457.106
Skammtímakröfur, endurfl	0	153.574
	<u>245.236.870</u>	<u>263.461.045</u>

16 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	118.538.052	0
Afkoma ársins	<u>(127.884.291)</u>	<u>118.538.052</u>
Jöfnuður 31.12.	<u>(9.346.239)</u>	<u>118.538.052</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.